

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Akureyri, 11.11.2024
UST202402-119/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.09.2024 - Arctic Sea Farm hf., Patreks- og Tálknafirði ID307.

Þann 25. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Patreks- og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er sett fram varðandi það að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

Níu frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara, við Kvígindisdal í ágúst 2024. Vöktunarskýrslur bárust eftirlitsaðila að lokinni útsetningu, eða 19. september 2024, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seiða, í kvíar við Hvannardal og Kvígindisdal 2022 bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu eða þann 17. janúar 2023, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Öryggisblöð skulu vera aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í fóðurpramma.
4. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Olíuefni voru geymd við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma en rekstraraðili vinnur að því að koma fyrir lekabyttum undir öll spilliefni.
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**

6. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2023 barst ekki á tilskildum tíma en skiladagur þeirra var fyrir 1. maí sl. **Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**
7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænt bókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
8. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
9. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald, fyrir árið 2023 barst ekki á tilskildum tíma en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Útstreymisbókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávikum nr. 3 og 4 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. desember 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur